



Börn fengu að kynast því á Árbæjarsafni í gær hvernig lífið var fyrir tíma hinna ýmsu nútímabæginga. Í fjölskyldu-smíðjunni Verk að vinna fengu börnin að spreyta sig á á hinum ýmsu húsvörum fyrri tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

FRÉTTABLAÐIÐ Fleiri myndir frá Verk að vinna er að finna á +PLÚS-síðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +PLÚS er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaði.is.

Helmingur á móti flutningi flugvallar


Rúmlega fimmtíu prósent eru andvíg brott-hvarfi flugvallarins úr Vatnsmýri samkvæmt könnun. Landsbyggðin er við sama heygardshornið. Yngra fólkið styður flutning frekar en eldra fólk. Mest er andstaðan meðal stuðningsmanna Framsóknarflokks og Miðflokks.

SKIPULAGSMÁL Rúmlega 50 prósent eru andvíg því að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýri samkvæmt könnun sem Zenter rannsóknir framkvæmdu fyrir Fréttablaðið og frettablaði.is í síðustu viku. Tæp 30 prósent eru hlynt flutningi hans en 20 prósent hvorki né.

Líkt og í fyrri könnunum sem gerðar hafa verið er andstaða við flutning flugvallarins mun meiri á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu og andstaðan eykst einnig með hærri aldri.

Stuðningur eykst einnig með aukinni menntun og hærri tekjum. Þessir þættir hafa hins vegar litil

Viðhorf til flutnings flugvallar úr Vatnsmýri



áhrif á andstöðuna sem helst til-
tölulega óbreytt þegar litid er til
þessara þátta heldur fækkar þeim
sem eru hlutlausir með aukinni
menntun og hærri tekjum.

Langmest andstaða er við flutning flugvallarins meðal stuðningsmanna Miðflokksins, Framsóknarflokksins og Flokks fólksins. Andstaðan við flutning flugvallarins er yfir 80 prósent meðal stuðningsmanna þessara flokka.

Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins eru einnig andsnúnir flutningi flugvallarins í 60 prósentum tilvika en 22 prósent þeirra eru hlynt flutningi hans.

Mestur stuðningur við flutning flugvallarins úr Vatnsmýri er hjá þeim sem styðja Samfylkinguna en þar eru 59 prósent hlynt því að hann fari úr Vatnsmýri. Stuðningsmenn Vðreisnar og Vinstri grænna eru einnig frekar hlyntari því en andvígir að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýri án þess þó að stuðningur brotthvarfs nái meirihluta þeirra. Píratar eru klofnir í afstöðu sinni þar sem 33 prósent eru hlynt og 35 prósent andvíg flutningi. Þriðjungur Pírata kærir sig hins vegar kollóttan um hvort flugvöllurinn verði fluttur þaðan sem hann er.

- áá / sjá síðu 4

Tjörnin að hverfa eftir tilraunaboranir

RAUFARHÖFN „Fólk hér í bænum vill meina að þetta sé borholunum að kenna. Þetta hefur aldrei komið fyrir áður, vatnsmagnið í tjörnnum hefur alveg minnkað eins og gengur og gerist en það hefur aldrei algjörlega horfið eins og nú,“ segir Angela Agnarsdóttir, íbúi á Raufarhöfn, um tjörn í þorpnu sem er að þorna upp.

Vatnsyfriborð í tjörnnum tók að minnka um þær mundir sem byrjað var að dæla upp úr nærliggjandi borholum á svæðinu vegna dæluþrófana fyrir fyrirhugada uppsetningu varmadælna fyrir sundlaug bæjarins.


Tjörnin er vinsælt leiksvæði og hefur tilfinningalegt gildi fyrir marga. - sjá síðu 2 / pk

Stefán spenntur fyrir verkefninu

FÓTBOLTI Það kom íslenskum knattspyrnuáhugamönnum í opna skjöldu þegar Stefán Gíslason, sem var að gera fina hluti með Leiknislíðið í Inkasso-deild karla í knattspyrnu, var kynntur til leiks sem þjálfari belgiska liðsins Lommel í síðustu viku.

Stefán segir í samtali við Fréttablaðið að ráðninguna hafi borið brátt að en hann sé spenntur fyrir komandi tímum hjá belgíska félaginu sem leikur í B-deildinni þar í landi. - hó / sjá síðu

12



AUSTURBÆR
VIÐBURÐAHÚS

ALLT AÐ
500 GESTA
BORÐHALD

1.000 GESTA
STANDANDI VEISLUR

Tales from Iceland LUXOR


518 4000 / info@tales.is

**VERIÐ VELKOMIN Í NÝJA
VERSLUN OKKAR AÐ LÁGMÚLA 7**

Opið alla daga frá
10:00 - 21:00

nettó
Lægri verð - léttari innkaup

Veður



Norðaustan 5-15 m/s, hvassast NV- og V-lands. Skúrir á austanverðu landinu og él á heiðum í nótt, annars úrkomulítið. Norðlæg átt í dag, víða 3-8 m/s. **SJÁ SÍÐU 16**



Húsið kostar borgina 230 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Eðlilegt verð segir borgin

REYKJAVÍK „Kaupverðið er eðlilegt og ráða því nokkrir þættir sem umræddur fasteignasali tók ekki með í reikninginn,“ segir Bjarni Brynjólfsson, upplýsingafulltrúi Reykjavíkurborgar, í svari við fyrirspurn um kaup borgarinnar á fasteigninni Hringbraut 79. Kaupverðið er 230 milljónir króna auk þess sem setja þarf fimm milljónir í aðlögun húsnæðisins að fyrirhugaðri notkun. Húsnæðið er ætlað velferðarsviði borgarinnar og verður íbúðakjarni fyrir konur með geðfötlun og fjölþættan vanda.

Húsið er 395,3 fermetrar og samanstendur af tveimur íbúðum og bílskúrum. Íbúðirnar skipast í sjö íbúðaeiningar sem allar eru með eldhúsinnréttingu og baðherbergi.

Fasteignasalinn Páll Pálsson fjallaði um kaupin á Facebook-síðu sinni Fasteignaréttir og velti upp þeirri spurningu hvort um góð kaup væri að ræða fyrir borgina. Fermetraverðið væri 580 þúsund krónur en meðalfermetraverðið á sambærilegum eignum væri nær 490 þúsund.

Bjarni bendir á að ásett verð hafi verið 280 milljónir, verðmat 240 milljónir en borgin keypt á 230 milljónir með búnaði, sem sé líklega um 10 milljóna króna virði.

„Þá má líta til þess í svona viðskiptum að húseignin er nýuppgerð að utan sem innan,“ segir Bjarni.

„Litlu eða engu þarf að breyta til að skjólstæðingar borgarinnar geti flutt beint inn. Þetta skýrir verðið sem borgin greiðir.“ – smj

Sumarstökk systkina



Veðrið lék við systkini tvö sem héldust hönd í hönd á grjótgarðinum við Sundahöfn í gær. Einmunabliða var á höfuðborgarsvæðinu og iðandi mannlíf hvert sem var á litíð. Þessi systkini tóku sumarstökk saman. Megi þau og sólskinsstundirnar verða sem flestar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Donald Trump og Kim Jong-un á góðri stund. Fréttablaðið/EPA

Táknræn skref Trumps og Kim

BANDARIKIN Donald Trump varð í gær fyrsti sitjandi Bandaríkjaforsetinn til að stíga fæti inn í N-Kóreu eftir að hafa hitt Kim Jong-un stuttlega á hinu svokallaða hlutlausu svæði á landamærum Kóreurríkjanna tveggja. Trump og Kim stilltu sér upp fyrir myndavélarnar og tilkynntu að þeir hefðu ákveðið að taka aftur upp þráðinn í kjarnorkuviðræðum þjóðanna.

Samkvæmt BBC steig Trump nokkur skref inn í Norður-Kóreu og Kim gerði slíkt hið sama í Suður-Kóreu. Táknræn skref að sögn leiðtoganna tveggja og til marks um breytta tíma. – smj

Þorpstjörnin að þorna upp vegna sundlaugar

Íbúar á Raufarhöfn eru miður sín vegna tilraunaborana. Tjarnir í bænum eru að þorna upp. Kjánaleg umræða að mati starfsmanns Norðurþings.

RAUFARHÖFN „Fólk hér í bænum vill meina að þetta sé borholunum að kenna. Þetta hefur aldrei komið fyrir áður, vatnið í tjörnunum hefur minnkað eins og gengur og gerist en það hefur aldrei algjörlega horfið eins og nú,“ segir Angela Agnarsdóttir, íbúi á Raufarhöfn um tjörn í þorpinu sem er að þorna upp.

Vatnsyfirborð í tjörnunum tók að lækka um þær mundir sem byrjað var að dæla upp úr nærliggjandi borholum á svæðinu vegna dæluþrófana fyrir fyrirhugaða uppsetningu varmadælna fyrir sundlaug bæjarins. Tjörnin hefur lengi verið leiksvæði fyrir börn og unglina á Raufarhöfn og þessi þróun því mikið áhyggjuefni þorpsbúa.

„Við viljum láta loka fyrir holuna til þess að sjá hvort þessar dæluþrófanir séu það sem veldur þessu. Sveitarfélagið þarf að finna aðra lausn ef sú er raunin,“ segir Angela sem hratt af stað undirskriftasöfnun til að þrýsta á sveitarstjórn Norðurþings.

Gunnar Hrafn Gunnarsson, framkvæmda- og þjónustufulltrúi Norðurþings, segir miklar líkur á því að lækkan vatnsyfirborðsins sé afvöldum dæluþrófana.

„Ég fatta ekki alveg hvað vesenið er. Það er ekki ólíklegt að lækkanin sé af völdum dælinga úr borholunum, en ég skil samt ekki hver stormurinn er, ég meina hvað er það versta sem gerist ef tjörnin þurrkast upp, það er enginn með laxeldi í henni held ég,“ segir Gunnar og hlær. „Þetta er svölitið kjánaleg umræða, ég held að það vanti bara umræðuefni þarna



Mynd frá 2005. Þar sjást unglingar synda í tjörninni vatnsmikilli tjörninni.



Minni tjörnin, sem er nú uppþornuð. MYND/SIGURÐUR ÖRN ÓSKARSSON

fyrir austan, ég held að það sé aðalmálið,“ bætir hann við.

Gunnar Hrafn segir að hægt hafi verið á dælingunni og hún sé núna lík því sem varmadælnar muni koma til með að taka. „Og við erum búnir að opna fyrir brunahana sem dælir vatni úr neysluvatnskerfi Raufarhafnar út í tjörnina til þess að mæta því vatnstapinu. Þannig að vonandi verða allir alveg ofboðslega kátir þegar upp er staðið,“ segir Gunnar sem telur mjög litlar líkur á því að stærri tjörnin þurrkast alveg upp vegna dælna.

Angela segir málið vera tilfinningamál en einnig sé um umhverfis- spjöll að ræða. „Hér er mikið

fuglalíf. Krian, æðarfuglinn og fleiri fuglar verpa allir hér í kring og ég er mjög áhyggjufull um að það glatist ef tjarnirnar þorna upp. Þetta er mér og bæjarbúum öllum mikið hjartans mál. Ég ólst upp við þessar tjarnir og tengi mikið af falletum minningum við þær. Tjarnirnar báðar hafa verið leiksvæði barna frá því löngu fyrir mína tíð, mér datt það meira að segja í hug um daginn að nú þegar vatnsyfirborðið hefur lækkað svona þá geti mæður Raufarhafnar loksins sótt öll sköpörin og flikurnar sem týnst hafa þarna við leik. En það væri hræðilegt ef tjarnirnar hyrfu vegna þessa aðgerða.“ palmik@frettabladid.is

ÚRVAL ÚTSÝN

Sigling
**AUSTUR
KARIBAHAFIÐ**

26. OKTÓBER - 5. NÓVEMBER
HARMONY OF THE SEAS
FARARSTJÓRI SÉRA HJÁLMAR JÓNSSON

NÁNAR Á UU.IS EÐA Í SÍMA 585 4000



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



NÝ COROLLA HÚN ER KOMIN AFTUR

50% RAFDRIFIN*

Verð frá: 3.990.000 kr.

Mest seld í heimi

Nýjasta kynslóð Corollu er komin í þremur glæsilegum gerðum sem taka sig best út með þig undir stýri. Máttaðu þig við kraftmiklar Hybrid útfærslur hlaðbaksins, Corolla Hatchback; stallbaksins, Corolla Sedan eða langbaksins, Corolla Touring Sports. Hver er þín típa? Orkuskiptin eru hafin.

2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum RAV4, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Allir nýir Toyota Hybrid bílar eru núna sporlausir í samstarfi við Kolvið.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14



*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARE og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



Lögreglan í London fer með rannsókn málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ólétt kona myrt í London

LONDON Tveir karlmenn voru um helgina handteknir í Lundúnum vegna gruns um að hafa myrt konu sem gengin var átta mánuði á leið. Lögreglan var kölluð á vettvang klukkan hálf fjögur aðfaranótt laugardags með þeim skilaboðum að kona væri að fá hjartaáfall. Þegar lögregla kom á vettvang sást að hún hafði verið stungin.

Sjúkraliðar tóku á móti barni konunnar áður en hún var úrskurðuð látin. Konan fannst í heimahúsi í Croydon í Suður-Lundúnum. Farið var með barnið á spítala og samkvæmt síðustu fregnum var það sagt í lífshættu. Mennirnir sem voru handteknir vegna gruns um aðild að morðinu eru 29 ára og 37 ára. Þeim eldri var sleppt að lokinni yfirheyrslu.

„Þetta er hræðilegt atvik þar sem ung móðir hefur tapað lífi sínu og barn hennar er í lífshættu. Fjölskylda hennar fær allar okkar samúðarkveðjur,“ hefur BBC eftir lögreglufrúanum Mick Norman, sem fer fyrir rannsókn málsins.

Borgarstjóri Lundúna, Sadiq Khan, sagði á Twitter að ofbeldi gegn konum væri landlægt í samfélaginu og að morð eins og þetta sýni fram á það hversu stór vandinn er.

„Bænir mínar eru hjá þessu saklausa barni, og móður þess sem það hefur misst á hörmulegan hátt.“ – la

Alvarlegt slys varð við Hrófá

SLYS Alvarlegt umferðarslys varð á Innstrandarvegi við Hrófá skammt frá Hólmavík á fjórða tímanum í gærdeg. Veginum var lokað á meðan unnið var á vettvangi, en opnuð var hjáleid fram hjá slysstað. Lögreglan á Vestfjörðum greindi frá þessu á Facebook-síðu sinni en hafði ekki veitt frekari upplýsingar þegar Fréttablaðið fór í prentun. – jt

Umferðarvandi auki stuðning við íbúabyggð í Vatnsmýrinni

Fyrirverandi borgarfulltrúi telur fleiri gera sér grein fyrir því að umferðarvandinn leysist ekki með fleiri slaufum og breiðari götum. Telur andstöðu við flutning flugvallarins skýrast af skorti á öðrum valkosti. Áhersla á Hvassahraun geti fjölgað þeim sem vilji flugvöllinn burt.

SKIPULAGSMÁL „Ég hef kíkt á nokkrar eldri kannanir og það sem er greinilega að gerast er að stuðningur höfuðborgarbúa við byggð í Vatnsmýri og að flugvöllurinn viki hefur verið að aukast,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, borgarfræðingur og fyrirverandi borgarfulltrúi, um niðurstöður nýrrar könnunar á viðhorfum til flutnings flugvallarins úr Vatnsmýrinni. Hann segir andstöðuna við flutning hans vegar lítið breytast og hinn aukni stuðningur komi því úr hópi þeirra sem hafa áður verið hlutlausir.

„Þetta hefur verið þróunin á undanförunum árum og þótt breytingin sé ekki hröð þá hefur stuðningur við byggð í Vatnsmýri verið að aukast en andstaðan haldist óbreytt; í kringum 50 prósent yfir landið allt,“ segir Gísli. Hann segir kannanirnar sýna aukinn stuðning landsmanna við flutning flugvallarins en þegar niðurstöður séu brotnar niður eftir búsetu komi í ljós að aukningin er öll á höfuðborgarsvæðinu.

Könnunin sýnir að andstaða við flutning flugvallarins úr Vatnsmýrinni er meiri í hærri aldurshópum.

„Það hefur alltaf verið trendið að yngra fólkið hefur verið hlynntara því að byggt verði í Vatnsmýri, en það hefur hins vegar líka verið þannig að þeir sem eru eldri, sjá flugvöllinn ekkert endilega fyrir sér í Vatnsmýri um alla framtíð, jafnvel þótt þeir séu andsnúnir því að hann verði fluttur,“ segir Gísli og vísar til kannana þar sem spurt var um skipulagsmál í Reykjavík til framtíðar.


Gísli telur einnig að óvissa um annan valkost hafi áhrif á viðhorf fólks. Því geti verið að þessi aukna sveifla meðal íbúa á höfuðborgarsvæðinu í stuðningi við að flug-



Langi hefur verið deilt um staðsetningu flugvallarins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Viðhorf til flutnings flugvallarins eftir aldri

Hlynntur Andvígur Hvorki né



Fólk er farið að fatta að við byggjum okkur ekki frá umferðarvandinum með fleiri slaufum eða breiðari götum.

Gísli Marteinn Baldursson, borgarfræðingur og fyrirverandi borgarfulltrúi


völlurinn fari úr Vatnsmýri haldist í hendur við aukinn byr sem Hvassahraun virðist vera að fá sem fýsilegur kostur nýrrar staðsetningar.

En Gísli telur að fleira komi til og nefnir umræðuna um umferðar-

vandann í borginni. „Ég held að fleiri og fleiri geri sér grein fyrir því að með því að dreifa byggðinni erum við að auka umferðarvandann og með því að byggja miðsvæðis erum við ekki að fjölga bílum í Ártúnsbrekkunni og á Kringlumýrarbraut á álagstímum,“ segir Gísli og bætir við: „Fólk er farið að fatta að við byggjum okkur ekki frá umferðarvandinum með fleiri slaufum eða breiðari götum.“

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi, hefur kynnt áform um að hefja veðurmeðlingar og flugprófanir í Hvassahrauni en í minnisblaði hans sem kynnt var í ríkisstjórn í síðasta mánuði kemur fram að

Hlynntir og andvígir flutningi flugvallarins úr Vatnsmýri




Mjög hlynntur Frekar hlynntur Hvorki né Frekar andvígur

Mjög andvígur Veit ekki Vil ekki svara

Viðhorf eftir búsetu

Hlynntur Andvígur Hvorki né



samkvæmt kostnaðarmati yrið flugvöllur í Hvassahrauni ódýrari en stækkunaráform Isavia á Keflavíkflugvelli.

Nefnd sem Ragna Árnadóttir fór fyrir og skilaði skýrslu árið 2015 komst að þeirri niðurstöðu að Hvassahraun væri fýsilegasti kostur fyrir framtíðarstaðsetningu flugvallar. Gísli Marteinn segir að frá því að Rögnunefndin skilaði skýrslu sinni hefðu margir, sem áður voru andsnúnir flutningi flugvallarins, skipt um skoðun og teldu nú að Hvassahraunið væri besti kosturinn. Það kunni því vel að vera að Hvassahraun sem skýr valkostur hafi áhrif á viðhorf almennings til Vatnsmýrinnar. adalheidur@frettabladid.is



ramisland.is

NÝR RAM 3500

NÝTT GLÆSILEGT ÚTLIT. NÝJAR ÚTFÆRSLUR OG FJÖLMARGAR TÆKNINÝJUNGAR Í BØÐI.

EIGUM TIL Í CREW CAB, BIG HORN, LARAMIE, SPORT OG LIMITED ÚTFÆRSLUR TIL AFGREIÐSLU STRAX. MEGA CAB Í LARAMIE OG LIMITED ÚTFÆRSLUM EINNIG.

RAM 3500 VERÐ FRÁ: 6.987.745 KR. ÁN VSK.
RAM 3500 VERÐ FRÁ: 8.640.000 KR. M/VSK.

Ál frá Íslandi í 50 ár

1. júlí 1969 kl. 09:42
hófst framleiðsla áls
í álveri ISAL í Straumsvík.

Ál er málmur sem hægt
er að endurvinna aftur
og aftur.

RioTinto



Enginn sérstakur starfslokasamningur við Auðun Frey

REYKJAVÍK Auðun Frey Ingvarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Félagsbústaða, og Félagsbústaðir hafna því að eitthvað óeðlilegt sé við tæplega 37 milljóna greiðslur til hans á rekstrarárinu 2018. Ekki hafi verið gerður neinn sérstakur starfslokasamningur við hann.

Auðun Frey sagði af sér í kjölfar athugasemda Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á 330 milljóna króna framúrkeyrslu á framkvæmd-



Auðun Frey Ingvarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Félagsbústaða.

um á húsnæði félagsins við Írabakka 2-16.

Samkvæmt ársskýrslu Félagsbústaða námu launagreiðslur til Auðuns Freys 36,9 milljónum í fyrra en 20,5 milljónum árið 2017. Námu mánaðarlaun hans rúmlega 1,6 milljónum króna. Laun Sigrúnar Árnadóttur, sem tók við stöðu framkvæmdastjóra tímabundið námu 4,3 milljónum frá október til lok ársins í fyrra.

Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins, óskaði eftir skýringum á þessu á fundi borgarráðs á fimmtudaginn. „Það er sjálf-sagt að spyrja að þessu, þetta er ótrúleg upphæð,“ segir Kolbrún.

Í svari Félagsbústaða við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að farið hafi verið eftir ráðningarsamningi við Auðun Frey. „Enginn sérstakur starfslokasamningur var gerður né fékk framkvæmdastjóri greiðslu

umfram rétt sinn samkvæmt lögum,“ segir í svari Félagsbústaða.

Auðun Frey hafnar því að um sé að ræða 16 milljóna króna starfslokagreiðslu. „Það er bara einhver vitleysa. Þetta eru bara eðlileg starfslok. Fólk er með uppsagnarfrest og það er greitt út uppsagnarfrestinn. Hálf ári,“ segir Auðun Frey. „Það var uppsafnað orlof og eitthvað slíkt. Þegar fólk hættir þá er greitt út sumarfrí sem var ekki tekið út.“ - ab

Skattsvik námu 80 milljörðum

ALÞINGI Starfshópur á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins áætlað að á árunum 2010 til 2013 hafi skattsvik numið um 80 milljörðum króna af árlegu tekjutapi ríkis og sveitarfélaga á tímabilinu. Þetta kemur fram í svari Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, við fyrirspurn Þorsteins Sæmundssonar, þingmanns Miðflokksins.

Í svarinu segir að eðli málsins samkvæmt sé erfitt að svara spurningum um starfsemi utan ramma laganna. Skattsvik séu af ýmsum toga og taki til mismunandi skatta, en að skattsvik sé ekki áætlað með reglulegum eða samræmdum hætti. Hins vegar hafi starfshópi verið falið það verkefni að greina umfang og áhrif skattundanskota og skattsvika.



Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.

Nefna má það að ríkissjóður skiladi á síðasta ári 80 milljarða króna afgangi og má setja það í samhengi við umfang skattsvikanna.

Eins er tæpt á því í svari ráðherra hvaða úrræði standi til boða við að bæta innheimtuárangur. Er þar nefnt sem dæmi kyrrsetning eigna skattaðila, það er einstaklinga eða fyrirtækja sem greiða skatt, sem sæta rannsókn skattyfirvalda, sem hefur gefist vel. Er þar nefnt að tollstjóri kyrrsetti eignir hjá skattaðilum fyrir rúma tvo milljarða króna á árinu 2017.–jt

Jarðskjálfti undan Grímsey

NÁTTÚRA Jarðskjálfti að stærð 3,6 mældist klukkan 12.58 á sunnudag í um fimmtán kílómetra fjarlægð frá Grímsey.

Í tilkynningu frá Veðurstofu Íslands kemur fram að jarðskjálftar séu algengir á þessu svæði og að nokkrir minni hafi fylgt í kjölfar þess stærsta. Rúmlega 500 skjálftar mældust á landinu í síðastu viku. –la

Enn óútskýrð skattheimta á foreldra langveikra barna

Það myndi kosta ríkissjóð 20 milljónir á ári og sveitarfélögin yrðu af 23 milljónum í formi lægra útsvars ef greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna yrðu undanskildar tekjuskatti. Þingmaður telur óútskýrt hvers vegna svo sé ekki.

ALÞINGI Kostnaður ríkissjóðs við að undanskilja frá tekjuskatti greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna myndi nema aðeins 20 milljónum króna á ári. Það gæti hins vegar munað fjölskyldur í þessari viðkvæmu stöðu öllu, segir þingmaður.

Ólafur Ísleifsson, þingmaður Miðflokksins, fékk svar frá fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn sinn sinni fyrir helgi. Þar spurði Ólafur hvaða rök væru fyrir því að svokallaðar foreldragreiðslur, samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega veikra barna, væru ekki skattfrjálsar líkt og á við um barnalífeyri almannaþrygginga. Ólafur telur, þrátt fyrir svar ráðherra, enn óútskýrt hvers vegna svo sé.

Hann bendir á að þessar greiðslur skiptist í tvennt. Annars vegar tekjutengdar foreldragreiðslur samkvæmt 11. grein laga nr. 22/2006 og hins vegar grunngreiðslur samkvæmt 19. grein sömu laga.

„Foreldrar sem koma af vinnu- markaði eiga rétt á tekjutengdum greiðslum sem nema allt að 80 prósentum af launum í allt að sex mánuði,“ segir Ólafur. „Þessari tegund foreldragreiðslna fylgja engar barnagreiðslur. Þær eru því flokkaðar sem launatekjur og eru skattskyldar líkt og kemur fram í svari fjármála- og efnahagsráðherra. Ég geri ráð fyrir að þetta tiltekna atriði sé út af fyrir sig ekki óeðlilegt fyrirkomulag.“



Í maí hafði 241 foreldri fengið greiðslur samkvæmt lögum um greiðslur vegna langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Kostnaður ríkisins við að hætta tekjuskattheimtu af þeim yrði 20 milljónir á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óútskýrt er hvers vegna þessar barnagreiðslur eru ekki skattfrjálsar líkt og barnalífeyrir. Þessu svarar fjármála- og efnahagsráðherra ekki

Ólafur Ísleifsson, þingmaður Miðflokksins.



Hins vegar eigi foreldrar sem þurfa að standa að halda lengur en sex mánuði rétt á svokölluðum grunngreiðslum, sem taka þá við af tekjutengdu greiðslunum, bendir Ólafur

á. Þessar greiðslur séu skattskyldar líkt og önnur fjárhagsaðstoð.

„Þessum grunngreiðslum fylgja barnagreiðslur samkvæmt lögnum og kemur þar skýrt fram að þær séu tilkomnar vegna framfærsluskyldu vegna barna, líkt og barnalífeyrir samkvæmt almannaþryggingalögum. Óútskýrt er hvers vegna þessar barnagreiðslur eru ekki skattfrjálsar líkt og barnalífeyrir. Þessu svarar fjármála- og efnahagsráðherra ekki,“ segir Ólafur og kveðst munu fylgja fyrirspurninni eftir. Hann segir forsögu málsins þá að foreldrar í þessum erfiðu aðstæðum hafi sett sig í samband við hann.

Markmið umræddra laga er að tryggja foreldrum langveikra eða alvarlega fatlaðra barna fjárhagsaðstoð þegar þeir geta hvorki stundað

vinnu né nám vegna sérstakrar umönnunar barna sinna.

Í svari fjármálaráðherra segir að foreldragreiðslur teljist til skattskyldra tekna sem launagreiðslur og séu því lagðar á þær tekjuskattur og útsvar eftir almennum reglum.

Ólafur spurði einnig hver áhræður kostnaður ríkissjóðs yrði ef umræddar foreldragreiðslur væru undanþegnar tekjuskatti og fékk þau svör að áætla mætti að kostnaðurinn yrði um 20 milljónir á ári. Þá megi ætla að kostnaður sveitarfélaga afbreytingunni yrði um 23 milljónir króna í formi lægra útsvars. Ólafur segir aðspurður ljóst að ríkið myndi muna lítið um þessa upphæð í stóra samhenginu, en hún gæti skipt foreldra þessara barna miklu.

mikael@frettabladid.is

Fjölskyldu grunar að kattarmorðingi gangi laus í Vogum

DÝRAVERND Eitrað var fyrir átta mánaða gamalli læðu, Bellu, í Vogum á Vatnsleysuströnd í síðustu viku, með þeim afleiðingum að hún drapst. Hulda Blöndal, umsjáradili kisuinnar, segir í samtali við Fréttablaðið hún telji að eittrað hafi verið fyrir Bellu með frostlegi, líkt og hefur verið gert annars staðar á landinu. Hún segir að Bella hafi farið út í kringum miðnætti á miðvikudag. Það hafi verið síðasta skipti sem þau sáu hana á lífi.

„Hún var með ól og merki og fór sjaldan langt frá húsinu okkar. Hún finnst svo fyrir utan hjá okkur á föstudegi. Það kemur varla annað til greina en að eittrað hafi verið fyrir henni. Engir áverkar fundust



Læðan Bella með fjölskyldunni á góðri stund. MYND/ADSEND

Ég skil ekki þennan verknað. Við fjölskyldan erum í rusli yfir þessu.

Hulda Blöndal

á henni. Hún hefur náð að komast heim, en dáði fyrir utan,“ segir Hulda.

Hulda segir að hana gruni að eittrað hafi verið fyrir henni því að frostlögur valdi alvarlegri nýrnabilun á skömmum tíma og svo stuttur tími leið frá því að Bella fór að heiman og þar til hún fannst dauð. Hún segist ekki skilja hvað liggja að baki slíkum verknaði.

„Ég skil ekki þennan verknað. Við fjölskyldan erum í rusli yfir þessu. Ég fór með henni út á miðvikudagskvöldið og skildi ekkert af hverju hún hljóp í burtu, ég held hún hafi fundið lykt af fiski sem hefur verið sprautaður með frostlegi. Það hefur verið gert úti um

allt land,“ segir Hulda og vísar þar til svipaðra mála sem hafa komið upp í Hveragerði, í Sandgerði og á höfuðborgarsvæðinu.

Hulda segir að hún hafi ekki tilkynnt til lögreglu eða MAST en að hún hafi fengið ábendingu um að gott væri að láta kryfja hana hjá Keldum, rannsóknarstofu, en að kostnaðurinn við það sé 34 þúsund krónur. Þau ákváðu að sleppa því og jörðuðu hana sjálf.

Hún segir að þó ekkert sé hægt að sanna, eins og staðan er núna, þá vill hún að aðrir íbúar í Vogum hugsi sig tvisvar um áður en þeir hleypi köttum sínum út. Nánar er rætt við Huldu á vef okkar, Frettabladid.is – la

+PLÚS



Horft til fortíðar

Árbæjarsafni í gær fór fram fjölskyldusmiðjan Verk að vinna þar sem börnum var boðið að kynna sér hvernig vinnulagi var háttað á fyrri tímum hér á landi. Börnin fengu að bera vatn, sópa með strákústum og sækja hris til eldiviðar eins og ljósmyndari Fréttablaðsins, Sigtryggur Ari Jóhannsson, festi á filmu.





ÚTSALA

SPARAÐU ALLT AÐ

70%

AF VÖLDUM VÖRUM



Tylliástæður



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Við eigum framsýnum forystumönnum verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda það að þakka að hér var byggt upp öflugt lífeyrissjóðakerfi. Í því fólst sú fyrirhyggja að hver kynslóð stæði undir eigin lífeyri með sparnaði en velti ekki kostnaðinum yfir á næstu kynslóðir eins og þjóðir gera í ríkum mæli.

Það hefur því verið átakanlegt að fylgjast með þeirri hörðu valdabaráttu sem er innan stærsta launþegafélags landsins, VR. Formaður þess vill að fulltrúar félagsins í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hljóði hans fyrirskipunum. Þetta voru stjórnarmennirnir ekki tilbúnir til að gera, enda stríðir það gegn bæði lögum og samþykktum sjóðsins að stjórnarmenn reki erindi einhvers utanaðkomandi á vettvangi sjóðsins. Skiptir þá engu hvort viðkomandi er formaður VR eða einhver annar.

Formaður VR hamrar á því að stjórn sjóðsins hafi farið gegn markmiðum svonefndra „lífskjarasamninga“ sem undirritaðir voru í vetur. Þar voru sett fram markmið um lækkan vaxta, ekki síst á íbúðalánum. Með gífuryrðum segir formaðurinn að stjórn lífeyrissjóðsins hafi risið gegn þessum markmiðum og ráðist gegn hagsmunum félagsmanna. Um þetta er deilt. Agreiningur er um þróun á, að því er virðist, hækkan breytilegra vaxta verðtryggðra lána til 3.700 sjóðfélaga. Engu skiptir að vextir sjóðsins verða áfram meðal allra lægstu vaxta sem bjóðast á sambærilegum lánum. Engu máli virðist skipta hverjir heildarhagsmunir 170.000 sjóðfélaga eru.

Um hvað er þá deilt? Vandséð er hvaða hagsmunum það þjónar að ráðast gegn fulltrúum félagsins í stjórn LV, öðrum stjórnarmönnum og starfsmönnum sjóðsins. Svo virðist sem umræður um breytilega vexti hafi verið tylliástæða til að rjúka til og hreinsa fulltrúa félagsins, sem formanninum þykja ekki nægilega fylgispakir, úr stjórn lífeyrissjóðsins.

Fjármálaeftirlitið kannar nú lögmati aðgerða formannsins. Í hlutafélagalögum er bundið með skýrum hætti að stjórnarmenn skuli vera sjálfstæðir í stjórnarstörfum, þeir megi ekki ganga erinda utanaðkomandi og skuli gæta hagsmuna allra hluthafa. Hingað til hefur verið litið svo á að þetta gildi einnig um fleiri félagaform, þar á meðal um stjórnir lífeyrissjóða.

Lífeyrissjóðum landsmanna er ætlað að standa undir framfærslu sjóðfélaga á efri árum í samræmi við þau réttindi sem þeir hafa áunnið sér með iðgjöldum. Stjórnun og stjórnendum sjóðanna er ætluð sú afdráttarlaus skylda að gæta þessara hagsmuna, engra annarra. Annað væri grundvallarbreyting.

Það tekur áratugi að byggja upp sjóðsmyndað lífeyrissjóðakerfi. Þótt kerfið sé öflugt er það ungt og á líkast til enn þrjá til fjóra áratugi í að ná fullum þroska. Hvers kyns breytingar á forsendunum, jafnvel tímabundið í pólitískum hitaleik, geta haft veruleg áhrif til lengri tíma.

Pólitísk átök í lífeyrissjóðum eru varasöm. Lífeyrissjóðakerfið varð til fyrir framsýni manna sem skildu að sátt yrði að ríkja um þessa meginstöð þjóðfélagsins. Ef við látum það líðast að formenn verkalýðsfélaga geti beitt áhrifum sínum til þess að sjóðirnir fari að þjóna duttlungum þeirra og pólitískum hagsmunum, þá er mikilvæg forsenda velferðar okkar í hættu.



Pólitísk átök í lífeyrissjóðum eru varasöm. Lífeyrissjóðakerfið varð til fyrir framsýni manna sem skildu að sátt yrði að ríkja um þessa meginstöð þjóðfélagsins.

Halldór



Frá degi til dags

Framsókn er besta vörnin Þynnka Miðflokksmanna eftir djammíð á Klaustri reyndist að lokum heldur meinlaus enda hafa organdi partiljón Miðflokksins með frumlegri krisustjórnun sýnt fram á gagnsleysi 12 sporanna sem margur alkinn hefur notað til þess að fíkra sig frá drykkjuátum og dólghætti. Þveröfugt á þá gömlu alkapælingu slepptu þeir iðruninni og ruddust hrokafullir í árasarham úr skammarkróknum. Grasrót Framsóknarflokksins slóst þá með þeim í sigurgöngu en gamli móðurflokkurinn situr uppi með höfuðverkinn á meðan „klofningsbrotið“ blæs út eins og þúki á framsóknarfjósbitanum.

Dagskrárvald ofbeldismanna Ríkisstjórnin átti sinn þátt í upprisunni með því að rúlla út rauða dreglinum fyrir Miðflokksmenn og gefa þeim eftir hið eftirsóttá dagskrárvald. Þvert gegn óskum vinsælasta ráðherra stjórnarinnar, sem fékk nokkrar gusur yfir sig þegar stórkarlaleikarnir stóðu sem hæst á Klaustri. Enda láta þeir sér í léttu rúmi liggja hvaða nöfnum Lilja kallar þá og engum þeirra hefur dottið í hug að kvarta undan orðum hennar um ofbeldismenn til síðanefndar um tjáningu þingkvenna, þar sem þeir og aðrir þingkarlar eiga öruggt athvarf fyrir eitruðum stjórnmalakonum. adalheidur@frettabladid.is toti@frettabladid.is

Syndaskattar



Katrín Atladóttir borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Skattkerfið á eingöngu að nýta til að afla ríkinu tekna til nauðsynlegra verkefna. Skattkerfið á ekki að nota til að stýra hegðun og neyslu skattgreiðenda. Reglulega dúkka þó upp hugmyndir um ýmsa syndaskatta í þeim tilgangi. Hugsunin kann að vera göfug en þessi lausn er vond.

Það er ákveðinn freistnivandi í pólitík að finna ekki sífellt upp nýja skatta og gjöld, undir fögrum fyrirheitum. Þegar á hölminn er komið renna þessir nýju skattar og gjöld í hitina og koma neyslustýringu, umhverfismálum, innviðum, sjónvarpsútsendingum eða hverju því verkefni sem stjórnmalamenn hafa ætlað sér að leysa, í raun ekkert við. Með því að búa til ný heiti mætti þó auka skattheimtu út í hið óendanlega.

Síðasta vinstri stjórn lagði sérstakan skatt á sykraðar vörur sem skilaði tæpum milljarði í ríkiskassann þar til hann var lagður niður, með tilheyrandi hækkan á visitölu neysluverðs og þar með húsnæðislánum landsmanna. Upphæðin var hærri en áætlað og rannsókn Rannsóknarseturs verzlunarinnar frá 2015 bendir til að hann hafi ekki haft veruleg áhrif á neyslu. Síðasti sykurskattur hafði því ekki tilætluð áhrif á neyslu en jók tekjur ríkissjóðs.

Syndaskattar leggjast þingst á lægri tekjuhópa. Þeir sem hafa lágar tekjur verja stærra hlutfalli að tekjum sínum í sama magn af sykri, tóbaki eða áfengi en þeir sem hafa hærri tekjur. Þannig auka syndaskattar ójöfnuð.

Verðbreytingar hafa ólík áhrif á eftirspurn eftir því um hvaða vörur ræðir. Reykingamaðurinn er þannig líklegri til að segja upp svo sem einni sjónvarpsstöð í stað þess að hætta að reykja. Þá þarf að huga að því hvað neytendur kaupa í stað hinnar skattlögðu vöru, en dæmi eru um að sykurskattar hafi aukið neyslu áfengis erlendis.

Lífstíllsjúkdómar eru raunverulegt vandamál. En ef það væri hægt að skattleggja öll vandamál í burtu væru sennilega engin vandamál á Íslandi.



Síðasti sykurskattur hafði því ekki tilætluð áhrif á neyslu en jók tekjur ríkissjóðs

**NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA**

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00
www.bjornsbakari.is

Sykur og frelsi

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Ég verð að játa að mér persónulega er nokkurn veginn alveg sama hvað sykrað kók kostar og ef Nóa kropp og lakkris — sem er eiginlega eina nammíð sem ég finn einstaka sinnum löngun til að fá mér — hækkar í verði, þá býst ég við að ég muni kaupa mér það samt ef umtalsverð þörf til þess skapast. Nammi og sykraðir gosdrykkir skipa sem sagt ekki þann sess í mínu lífi að ég sjái ástæðu til þess að vera á nokkurn hátt brjál- aður yfir tillögu Landlækniseb- ættisins um að leggja hér á sérstakan skatt á slíkar vörur í þágu lýðheilsu- sjónarmiða. Ég er pollrólegur.

Hins vegar verð ég þó líka að játa að það hringja ætíð í kalli mínum vissar viðvörðunarbjóllur og efa- semdarkór sálu minnar syngur fimmraddað í hvert einasta skipti sem þessi umræða, um lýðheilsu og frelsi almennt, kemur upp á yfir- borðið. Og slíkt gerist jú æði oft. Umræðan um sykurskattinn er gott dæmi. Hér vill yfirvaldið beita skatt- lagningu svo lýðurinn öðlist betri heilsu. Skerða skal fjárhagslegt svig- rúm til nammikaupa. Minna frelsi, meiri lýðheilsa.

Spurningar æpa

Þarna tjúllast ég dálíðið. Á þessum punkti fórna ég höndum og höf- uðið snýst í heilhring á bóknum. Augun á stilkum. Hárið upp í loftið. Spurningin æpir á mig: Af hverju þykir það svona sjálfsagt mál í ákveðnum kreðsum að hamla skuli frelsi og svigrúmi, því annars muni lýðheilsa versna og fólk drepa sig úr sjúkdómum? Af hverju er frelsi álitíð andstæða lýðheilsu? Ég sé veröldina öðrum augum. Ég held að frelsi bæti ekki síður lýðheilsu. Kannski eru einhver mörk en ég held þó samt almennt að því meira sem frelsið er, því betri lýðheilsa. Og af hverju finnst mér þetta? Jú, vegna þess að frelsi — sérstaklega í vel menntuðu samfélagi þar sem fólk hefur greiðan aðgang að upp- lýsingum — eykur ábyrgð. Fólk tekur upplýstar ákvarðanir. Ég tel raunar að ábyrgð fólks á sjálfu sér sé langbesta leiðin til þess að bæta lýðheilsu á einhvern hátt sem virkar, til langs tíma. Annað er eilífðar- barningur.

Sjálfsagt er þetta ekki alveg svart- hvítt. Boð og bönn, skattar og verð- lag, hafa sjálfsagt einhver áhrif. En þó má velta fyrir sér dæmunum. Hvað hefur minnkað reykingar? Er það verðið á pakkanum eða almenn vitneskja fólks um það að reykingar eru stórhættulegar? Hvað hefur aukið hreyfingu og skapað þannig stemningu meðal þjóðarinnar að fólk er hlaupandi, hjólandi, synd- andi og skiðandi út um allar hæðir og hóla? Lög frá Alþingi?

Stjórnmal fortíðar

Auðvitað ekki. Fleiri dæmi blasa við. Ég held til dæmis að óhikað megi fullyrða að áfengismenning þjóðarinnar hafi batnað mikið á undanföllum áratugum. Hér áður fyrr voru meira eða minna allir pöddufullir. Svo er ekki nú. Ung- lingadrykkja hefur einnig minnkað gríðarlega. Á sama tíma hafa verið stigin skref í frelssítt hvað áfengis- mál varðar, svo sem með fjölgun áfengisverslana og lengri opnunar- tíma. Umræðan og ábyrgð fólks, samfara auknu frelsi, hefur bætt menninguna.

Það er aldrei smart í rökræðu að væna fólk um fasisma. Þegar það hugtak heyrst er það yfirleitt vis- bending um að umræðan sé komin verulega út í móa og fólk farið að missa stjórn á tilfinningum sínum. Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að minna á — í samhengi álitamála varðandi lýðheilsustjórnmal — að fasismi sem stjórnmalaskoðun í upphafi síðustu aldar einkenndist ákaflega mikið af áherslu á lýð- heilsu og hreysti. Þessar áherslur má glögg greina í blaðinu Fasist- inn sem kom út á Íslandi í örfáum tölublöðum á millistríðsárunum og finna má á timarit.is. Drjúgur þáttur í boðskapnum var áherslan á lýðheilsu. Sjálfsagt var þetta skásta hliðin á þessari annars andstygg- lega stjórnmalaviðhorfi, en tengslin eru umhugsunarverð. Hugsanlegt er að þessi hlið fasismans lífi enn í dag í vissri stefnumótun í heilbrigðis- málum. Heilsu lýðsins skal bæta



með miðstýrðu boðvaldi. Ríkið skal hafa vit.

Annað má gera frekar

Mér finnst þetta röng nálgun. Áður en farið er í skattaþvinganir gegn nammigrisum finnst mér að prófa mætti fjölmargar aðrar hóf- samari og skynsamari aðferðir, sem ríma meira við tíðaranda samfélags- ins. Hvað með að setja til dæmis merkingar á matvæli, þar sem fólk er varað við sykurmagni og þá líka, ef út í það er farið, fitumagni og salt- magni? Upplýsingar eru gull. Hví

ekki að auka frekar aðgengi að þeim? Svo mætti líka íhuga hitt, að lækka frekar verð á heilsusamlegum mat- vælum eins og grænmeti, ávöxtum, hnetum og fræjum.

Í raun er heilsuvakningin sem orðið hefur á Íslandi og öll eftir- spurnin sem skapast hefur eftir slíkum mat besta dæmið um það að verðlag stýrir ekki neyslunni nema að litlum hluta. Þrátt fyrir að maður þurfi eiginlega að sækja um lán til að kaupa lárperur, þá kaupir maður þær samt. Sem frjáls og upplýstur maður.

Beltone Trust™

Hlustaðu á hjartað þitt

Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði — sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN





ÚRVAL ÚTSÝN

ALBIR

BENIDORM

KANARÍ

EINN, TVEIR, ÞRÍR, FJÓR OG...

ALLIR AF STAÐ!

MEIRI SÓL, BETRA VERÐ

MEÐ ÍSLENSKRI
FARARSTJÓRN
SKOÐUNARFERDIR
Í BODI

VERÐ FRÁ
77.900,-

Úrval Útsýn hefur verið ferðafélagi Íslendinga til sólarlanda í 64 ár. Við bjóðum fjölda hótela sem rúma stórar sem litlar fjölskyldur. Ef þú finnur ekki gistingu sem hentar, þá geta ferðaráðgjafar okkar fundið hana fyrir þig — tryggðu þinni fjölskyldu réttu gistinguna í tíma.

BITACORA ****
TENERIFE



3. - 10. JÚLÍ
Tvíbýli með hálfu fæði.

VERÐ FRÁ 99.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 131.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

HÁLFT
FÆÐI

HG TENERIFE SUR ***
TENERIFE



4. - 11. JÚLÍ
Íbúð með einu svefnherbergi.

VERÐ FRÁ 82.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 103.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

GHT OASIS PARK & SPA ****
LLORET DE MAR



4. - 13. JÚLÍ
Junior svíta.

VERÐ FRÁ 89.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 138.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

ALBIR PLAYA ****
ALBÍR



5. - 12. JÚLÍ
Tvíbýli með morgunverð.

VERÐ FRÁ 77.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 98.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

ZORAIDA BEACH RESORT ****
ALMERÍA



5. - 12. JÚLÍ
Tvíbýli með öllu inniföldu.

VERÐ FRÁ 121.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 147.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

ALLT
INNIFALIB

VITAL SUITES ****
KANARÍ



8. - 15. JÚLÍ
Junior svíta með morgunverð.

VERÐ FRÁ 121.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 142.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

TENERIFE

LLORET DE MAR

ALMERÍA



GRAN HOTEL BALI ****
BENIDORM



HÁLFT FÆÐI

15. - 22. ÁGÚST
Tvíbýli með hálfu fæði.

VERÐ FRÁ 96.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 127.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

BEST SABINAL ****
ALMERÍA



HÁLFT FÆÐI

16. - 23. ÁGÚST
Tvíbýli með hálfu fæði.

VERÐ FRÁ 111.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 134.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

BARBACÁN SOL ****
KANARÍ



19. - 26. ÁGÚST
Íbúð með einu svefnherbergi og morgunverði.

VERÐ FRÁ 97.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 116.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

HOTEL ROSAMAR ***
BENIDORM



ALLT INNIFALIÐ

20. - 27. ÁGÚST
Tvíbýli með öllu inniföldu.

VERÐ FRÁ 127.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 155.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

GREEN GARDEN RESORT & SUITES ****
TENERIFE



26. ÁGÚST - 2. SEPTEMBER
Íbúð með einu svefnherbergi.

VERÐ FRÁ 82.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 117.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

SJÁÐU MEIRA Á URVALUTSYN.IS

TALAÐU VIÐ FERÐARÁÐGGJAFNA Í SÍMA 585 4000 EÐA SENDU OKKUR PÓST Á INFO@UU.IS

VERÐ ENU BIRTAÐ MEÐ FERDARÁÐGGJAFNA OG PENTIVALLOR OG STAFARENGI.

Spennandi verkefni sem mun ekki bjóðast á hverju tímabili

Stefán Gíslason tók í miðri síðustu viku við stjórnartaumunum hjá belgíska knattspyrnu-liðinu Lommel en hann hætti um leið störfum hjá Leikni sem hefur verið á góðu róli í In-kasso-deildinni í sumar.

FÓTBOLTI Stefán hefur tengingar í belgíska knattspyrnu þar sem hann lék með belgíska liðinu OH Leuven á árunum 2012 til 2014 en hjá því liði lauk hann farsælum atvinnumannaferli sínum. Eftir það flutti hann heim og hóf að leika með Breiðablik. Eftir að hafa leikið með Kópavogslíðinu lagði hann skóna á hilluna og settist í þjálfarateymi Breiðabliks.

Hann var svo ráðinn þjálfari Hauka og stýrði liðinu í tvö keppnistímabil. Síðan lá leiðin í Breiðholtið þar sem hann var á sinni fyrstu leiktíð við stjórnvölinn hjá liðinu þegar hann fékk símtal frá Belgíu.

„Þetta er ekkert sem ég hef verið að stefna að. Ég var með hugann alfarið við Leikni og ætlaði bara að klára tímabilið þar. Þá fékk ég símtal frá gamla þjálfaranum mínum hjá Leuven sem var að taka við sem yfirmaður knattspyrnumála hjá Lommel.

Svona tækifæri koma ekki oft upp og þar sem þetta var sömuleiðis spennandi verkefni ákvað ég að slá til þrátt fyrir að hafa filað mig vel hjá Leikni. Viðræðurnar gengu hratt fyrir sig og ég var bara kominn út nokkrum dögum eftir að viðræður hófust. Það þurfti líka eitthvað mikið til þess að toga mig frá Íslandi þar sem ég er með fjölskyldu og rek fyrirtæki,“ segir Stefán um aðdraganda þess að hann var ráðinn í starfið.

Var nálægt því að spila fyrir Lommel

„Það myndna við að ég sé kominn til starfa hjá Lommel er að ég spilaði



Stefán Gíslason handsalar hér samning sinn sem þjálfari Lommel við yfirmann knattspyrnumála hjá félaginu.

Svona tækifæri koma ekki oft upp og þar sem þetta var spennandi verkefni ákvað ég að slá til þrátt fyrir að hafa filað mig vel hjá Leikni.

næstum því með liðinu á sama tíma og Kristján Finnbogason var í markinu hjá þeim. Ég var þá leikmaður norska liðsins Lyn og var á reynslu hjá hollenska liðinu Roda. Planið var að ég myndi spila sem

lánsmaður frá Roda hjá Lommel en það gekk hins vegar ekki eftir. Nú er ég hins vegar búinn að ráða mig til félagsins sem ég átti að spila með,“ rifjar hann upp.

„Ég er bara nýkominn út og er að kynna mér leikmannahópinn. Mér sýnist þetta vera góð blanda af ungum og reynslumiklum leikmönnum. Það er verið að bæta alla umgjörð í félaginu og fjölga starfs-gildum. Flestallir í starfsteyminu eru að koma nýir inn í félagið á þessum tímavörðum og það eru spennandi tímar fram undan.

Það er engin pressa á mér að fara upp en stefnan er að gera betur en undanfarin ár. Þetta er meðalstór klúbbur á belgískan mælikvarða sem hefur verið í lægð síðustu ár

og markmiðið er að gera hlutina á faglegri hátt en gert hefur verið,“ segir Stefán um það umhverfi sem hann er að fara inni í.

„Það er ísraelskur eigandi sem keypti félagið fyrir rúmu ári síðan. Hann hefur gefið það út að hann sé reidubúinn að setja mikinn pening í félagið þegar hann sér að góður strúktúr er til staðar og efni til þess að færa félagið í fremstu röð.

Nú hefur verið ráðinn yfirmaður knattspyrnumála, framkvæmdastjóri sem sér bara um karlalið félagsins í knattspyrnu og einnig í fleiri stöður sem eiga að sjá til þess að hlutirnir séu gerðir almennilega næstu árin,“ segir þessi fyrrverandi landsliðsmaður um framhaldið hjá félaginu. hjorvaru@frettabladid.is

Guðlaug Edda stóð sig vel

ÞRÍPRAUT Þríþrautarkonan Guðlaug Edda Hannesdóttir keppti um helgina á móti sem fram fór í Montreal í Kanada og er hluti af heimsbikarmótaröðinni sem er sterkasta mótaröð heims í þríþraut.

Keppt var í sprettþraut en þá eru syntir 750 metrar, hjólaðir 20 kílómetrar og að lokum fimm kílómetrar hlaupnir. Alls kepptu 35 keppendur en Guðlaug Edda hóf keppni aftast þar sem hún var með lökustu stöðu á heimslistanum af þátttakendum mótsins.

9

Guðlaug vann sig upp um átta sæti í keppninni í gær.

Sundið gekk vel hjá Guðlaugu Eddu en hún synti á tímanum 9:26 mínútur og var hún í sjöunda sæti þegar kom að hjólreiðunum. Þar gekk ekki eins vel hjá henni og var hún aftarlega í hjólreiðahlutanum.

Guðlaug Edda náði vopnum sínum á nýjan leik í hlaupinu sem hún hóf af miklum krafti og náði að sama skapi góðum endaspretti. Skilaði það henni í 26. sæti.

Langtímamarkmið hennar er að verða fyrsta íslenska konan til þess að taka þátt í Ólympíuleikum í þríþraut þegar keppt verður í Tókýó næsta sumar. - hó



Portland Thorns er í góðum málum.

Dagný trónir á toppnum

FÓTBOLTI Dagný Brynjarsdóttir landsliðskona í knattspyrnu og samherjar hennar hjá Portland Thorns komust á topp bandarísku NWSL-deildarinnar með 2-1 sigri á Houston Dash um helgina.

Dagný lék allan leikinn fyrir Portland Thorns sem lenti undir í leiknum en náði að snúa taflinu sér í vil. Portland Thorns er eftir þennan sigur með 19 stig eftir tíu umferðir og hefur einu stigi meira en Washington sem er í öðru sæti.

Það gekk ekki eins vel hjá Gunnhildi Yrsu Jónsdóttur og liðsfélagum hennar hjá Utah Royals en þær lutu í lægra haldi 2-0 fyrir Seattle Reign. Þessi úrslit þýða að Utah Royals og Seattle Reign eru jöfn að stigum með 17 stig í þriðja til fjórða sæti deildarinnar.

North Carolina, sem er ríkjandi meistari, er þar fyrir neðan með 16 stig en efstu fjögur lið deildarkeppinnar komast í úrslitakeppni um meistaratitilinn og það er ljóst að hart verður barist um sæti þar. - hó

Verstappen stöðvaði sigurgöngu Hamilton

FORMÚLA 1 Belgísk-hollenski ökuþjórinn Max Verstappen sem keyrir fyrir Red Bull Racing-Honda kom fyrstur í mark í austurríska kappakstrinum í Formúlu 1 sem fram fór á Spielberg-brautinni í gær.

Þetta er annað árið í röð sem Verstappen ber sigur úr bítum í brautinni í Austurríki en hann er á hálfgerðum heimavelli þarna þar sem Red Bull er aðal styrktaraðili brautarinnar.

Þetta var langþráð stund fyrir hinn almenna áhugamann á Formúlu 1 en Lewis Hamilton hafði unnið fjóra kappakstrana á undan þeim í gær og alls sex af átta kappökstrum keppnistímabilsins.

Þá var þetta sömuleiðis fyrsti sigurinn hjá keppanda hjá öðrum framleiðenda en Mercedes. Finninn Valtteri Bottas liðsfélagi Hamilton hjá Mercedes hafði unnið hina kappakstrana tvo á tímabilinu.

Charles Leclerc var á ráspól og leiddi kappaksturinn fram að því að



Max Verstappen fagnar sigri sínum í Austurríki í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

» Max Verstappen vann kappaksturinn í Austurríki en hann velti þar af leiðandi Lewis Hamilton úr sessi sem hafði unnið fjóra kappakstra í röð og sex af átta kappökstrum tímabilsins.

Þrjú hringir voru eftir af kappakstrinum, þegar Verstappen sigldi fram úr honum. Bottas varð í þriðja sæti, Sebastian Vettel á Ferrari í fjórða og Hamilton varð að gera sér fimmta sætið að góðu.

Hamilton er í efsta sæti stigalistans, samherji hans Bottas er í öðru sæti. Verstappen skaut upp í þriðja sæti þess lista með þessum sigri og skaut þar Vettel niður í fjórða sæti. Mercedes er áfram með öruggt forskot í keppni bilaframleiðenda. - hó



MÁNUDAGUR 1. JÚLÍ 2019

Lífsstíll

Krakkar vilja meiri kynfræðslu

Sólborg Guðbrandsdóttir hefur undanfarin ár haldið úti Instagram reikningnum Fávitar þar sem hún birtir skjáskot af kynferðislegri áreitni á netinu. Undanfarna mánuði hefur hún einnig haldið fyrirlestra fyrir unglunga þar sem hún ræðir meðal annars samskipti, kynlíf og ofbeldi. ➔2



HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.



Framhald af forsiðu →

Vinur minn kom með þessa hugmynd til mín fyrir þremur árum. Hann hafði tekið eftir svipaðri síðu í Svíþjóð sem heitir Assholes Online. Linnéa Claeson heldur þeirri síðu úti en þar birtir hún skjáskot af kynferðislegri áreitni sem hún verður sjálf fyrir. Ég byrjaði á því líka en fór svo að birta skjáskot sem aðrir Íslendingar sendu mér. Þegar síðan stóð sem hæst var ég að fá í kringum fjörutíu skilaboð á hverjum degi.“

Sólborg byrjaði með Instagram síðuna fyrir þremur árum og hefur hún vakið mikla athygli. Hún hefur fengið sendan fjöldann allan af skjáskotum af áreitni sem ungt fólk og allt niður í ellefu ára börn verða fyrir í gegnum samfélagsmiðla. Sólborg hefur birt myndirnar á sinni síðu en felur gróft myndefni og birtir engin nöfn, hvorki þess sem áreitir né þess sem er áreittur. Enda er tilgangur síðunnar ekki að taka einstaklinga fyrir og skrímslavæða heldur að skapa umræðu.

Þrjátíu fyrirlestrar á stuttum tíma

„Instagram síðan hefur undið hratt upp á sig. Ég reyni að taka alls kyns umræður inn á síðuna um eitthvað kynfræðslutengt, um jafnrétti og um samskipti. Ég fór svo að fá fyrirspurnir til mín um að halda fyrirlestra og ákvað að láta slag standa þegar þær voru orðnar frekar margar. Þetta snýst allt í grunninn um það að ég er einhvern veginn að reyna að berjast gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi með því að skapa umræðu og fá fólk til að velta ýmsu fyrir sér sem það hefur ef til vill ekki þælt í áður,“ segir Sólborg um tildrög fyrirlestranna.

Sólborg byrjaði að halda fyrirlestrana í vor og á stuttum tíma hefur hún haldið rúmlega 30 fyrirlestra í félagsmiðstöðvum, grunnskólum og framhaldsskólum. „Þetta voru mestmegnis fyrirlestrar fyrir krakka á aldrinum 13 til 16 ára en líka fyrir þá eldri í framhaldsskólum.“

Á fyrirlestrunum ræðir hún við krakkana um hitt og þetta tengt áreitni, hegðun á netinu, samþykki og kynlíf. Þá hafa krakkarnir líka getað sent nafnlausar fyrirspurnir sem þeir nýttu vel að sögn Sólborgar. „Ég hef fengið alls konar spurningar, viðtökurnar hafa verið mjög góðar og krakkarnir koma oft til mín eftir fyrirlestrana og vilja spjalla meira. Það er ótrúlega dýrmætt.“

Fullorðna fólkið getur lært af krökkunum

Sólborg segist miða fyrirlestrana svolítið eftir aldri. Hún hefur sýnt skjáskotin sem hún birtir á Instagram síðunni en segist sýna yngstu krökkunum allra vægustu dæmin. „Krákkar á þessum aldri eru samt að upplifa þennan heim og þó við séum að reyna að vernda þau frá því versta þá sjá þau það flest sjálf á netinu. Sum þeirra eru jafnvel að fá eitthvað af þessum verstu skilaboðum sjálf.“

Þessi áreitni á netinu er heimur sem margir fullorðnir þekkja ekki mjög vel sjálfir, að sögn Sólborgar. „Fullorðna fólkinu finnst oft óþægilegra að tala um þetta en krökkunum. Það virðist hafa komið upp eitthvert nýtt samskiptamyndstær með tilkomu internetsins og samfélagsmiðla sem við erum bara orðin vön en er ekki þar með sagt edlilegt,“ segir Sólborg, sem segist þó aldrei hafa fengið annað en jákvæð viðbrögð að loknum fyrirlestrunum frá kennurum.

„Ungu krakkarnir okkar í dag eru flestir alveg meðvitaðir um það sem á sér stað þarna úti. Ég held að fullorðna fólkið geti lært margt af því að hlusta á krakkana og þeirra upplifun á hlutunum.



Sólborg og Sigga Dögg eftir tókur á fyrsta þætti af Fávitar podcast sem hægt verður að hlusta á í sumar.



Þeir eru engir vitleysingar og þekkja þetta vel.“

Sólborg telur líka mjög mikilvægt að fræða fullorðna fólkið um þann heim sem börn og unglingar upplifa á samfélagsmiðlum. „Einhverjir verða að kenna unga fólkinu okkar og hverjir eiga að gera það ef fullorðna fólkið veit ekki hvað er að gerast? Þetta varðar okkur öll.“

Meiri fræðsla er nauðsynleg

Sólborg segist upplifa það í samskiptum sínum við fólk að því finnst vanta meiri kynfræðslu og fræðslu um samskipti í skólana. „Það þarf að tryggja einhverja lágmarksfræðslu um þessi mál í aðalnámskrá af því, eins og staðan er í dag, þá virðist þetta því miður bara fara eftir hentisemi skóla-

stjórnaða og það gengur ekki,“ segir hún ákveðin.

„Þessi umræða, um aukna kynfræðslu í grunnskóla, var í gangi þegar ég var í grunnskóla fyrir tæpum áratug síðan og hún er enn í gangi núna. Krakkar eru að óska eftir meiri kynfræðslu og ég skil ekki alveg hvar þetta er að stoppa í ferlinu. Þetta er rosalega mikilvægt!“

Sólborg stefnir á nám í lögfræði í haust, en er samt opin fyrir því að halda áfram með fyrirlestrana sé óskað eftir því. „Ég mun ekki hafa jafn mikinn tíma og í vor, en fólk er velkomið að hafa samband við mig á síðunni. Ég er tilbúin að reyna að hjálpa til ef ég get,“ segir Sólborg en bendir á að það sé fullt af öðrum sjálfstæðum fyrirlesurum að fara í skóla með

flotta fræðslu. Hún nefnir lækna-nemana í Ástráði, Siggú Dögg kynfræðing og Þorstein sem hefur staðið fyrir samfélagsmiðlaátaki undir myllumerkinu #karl-mennskan.

„Það eru mjög margir tilbúnir að fara í skólana á eigin vegum og hjálpa til. Félagsmiðstöðvarnar geta haft samband eða foreldrafélögin og tryggt þannig að þeirra börn og unglingar fái lágmarks kennslu í þessum efnum. Við kannski nálgumst þetta á mismunandi hátt en þegar upp er staðið snýst þetta bara um að kenna fólki að koma fram við aðra af virðingu.“

Alla tíð haft áhuga á mannréttindum

Aðspurð að því af hverju hún velji

Sólborg með stelpum í félagsmiðstöðinni Jemen í Kópavogi að loknum fyrirlestri.

að berjast fyrir þessu tiltekna málefni segist Sólborg ekki vera alveg viss. „Ég er náttúrulega bara stelpa sem elst upp í þessum heimi í dag og ég hef orðið fyrir mikilli kynferðislegri áreitni sjálf. Ég held að rosalega margir upplifi það en okkur er oft sagt að hunsa bara áreitnina og halda áfram með daginn okkar. En ég er svolítið þver og er ósammála því að þetta sé einhver sjálfkrafa partur af því að alast upp á 21. öldinni. Ég trúi því ekki að ég þurfi bara að sætta mig við kynferðisofbeldi eða óæskilega og óviðeigandi hegðun. Með því að sætta okkur bara við stöðuna eins og hún er í dag náum við aldrei að knýja fram breytingar.“

Sólborg segist alla tíð hafa haft mikinn áhuga á jafnréttismálum og mannréttindum almennt.

„Kannski hefur þetta eitthvað með það að gera hvernig ég er alin upp. Pabbi er pólitikus og ég ólst upp á frekar réttsýnu heimili þar sem ýmislegt var rætt í kringum mig. En svo liggur áhugasvið mitt líka þarna og það skiptir máli að við séum öll jöfn og búum við sömu tækifæri. Ég sá að ég hafði vettvang til að reyna að hafa áhrif á Instagram þar sem ég gat náð til margra og ég ákvað bara að nýta mér það.“

Sólborg segir að sér finnst ekki ólíklegt að hún muni sérhæfa sig í einhverju tengdu þessum málefnum þegar lengra er liðið á námið í lögfræðinni. „En ég er ekki alveg búin að ákveða það. Ég ætla bara að byrja og sé svo til hvað verður. Eitt skref í einu.“

Fasteignablaðið

26. TBL. MÁNUDAGUR 1. JÚLÍ 2019

FASTEIGNIR. FRETTLADID.IS

www.landmark.is
... leiðir þig heim!

LANDMARK
FASTEIGNAMIDLUN

Hlíðasmára 2 201 Kópavogi Sími 512 4900



Sigurður Samúelsson
Lögg. fast. og eigandi

Þórunn Þorarsen
Sölustjóri og eigandi

Þórey Ólafsdóttir
Lögg. fast. og eigandi

Andri Sigurðsson
Lögg. fast. og eigandi

Sveinn Eyland
Lögg. fast. og eigandi

Ása Páll Ragnarsdóttir
Skjalavinnsla/móttaka

Nadía Katrín Banime
Löggiltur fast.

Ingibjörg A. Jónsdóttir
Löggiltur fast.

Egbert Maríusson
Löggiltur fast.

Helga Snorraddóttir
Skrifstofa/skjalavinnsla

Guðrún D. Lóðvicksdóttir
Löggiltur fast.

Ásdís Réa Ásgeirsdóttir
Löggiltur fast.

Siggi Finnar
Löggiltur fast.

Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð



Ingólfur Geir Gissurarson
Frámkvæmdastjóri, lögg.
fasteignasali og leigumíðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Herdís Valb. Hölludóttir
Löggiltur fasteignasali
694 6166

Ólfar F. Jóhannsson
hdl. Löggiltur fasteignasali.
Skjalagerð.

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm.
fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir.
Lita og innahús
Stilisti.
Löggiltur fasteignasali
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083

Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali.
Útibú Höfn í Hornafirði.
895-2115



Grænamýri 3 stendur á fögrum og eftirsóttum stað á Seltjarnarnesi.

Glæsilegt parhús í Grænumýri

Fasteignamarkaðurinn kynnir afar glæsilegt parhús á þremur hæðum við Grænumýri 3 á Seltjarnarnesi. Húsið er 354,2 fermetrar og stendur á 472,1 fermetra nýlega endurnýjaðri og afgirtri lóð á eftirsóttum stað.

Komið er inn í forstofu með vönduðum fataskápum og nýuppgerðu gestasalerni. Úr holi eru samliggjandi rúmgóðar og bjartar stofur með nýjum arni eftir Jón Eldon. Opið er úr stofum í sólskála með útgengi á lóð. Eldhúsið er rúmgott með nýrri, sérsmíðaðri, hvítu innréttingu með korean á borðum og vönduðum innbyggðum tækjum. Góð borðaðstada er í eldhúsi með föstu matarborði og útgangi á verönd til austurs.

Á efri hæð er gengið upp fallegan, steyptan og parketlagðan stiga sem var nýlega teppalagður yfir parketið. Komið er í stórt sjónvarpshol. Stórt hjónaherbergi með nýjum, sérsmíðuðum fataskápum og svölum til austurs. Baðherbergi er stórt, flísalagt með baðkari og sturtuklefa. Vandaðar innréttingar með korean á borði og innfellum vöskum. Þvottaherbergi með innréttingum og útgangi á svalir til vesturs. Tvö rúmgóð svefnherbergi.

Í kjallara er komið í nýteppalagt hol og tvö nýteppalögð svefnherbergi með. Fataherbergi er flísalagt með miklum skápum. Baðherbergi er flísalagt með stórum sturtuklefa og vönduðum innréttingum. Tvær geymslur eru í kjallara,

önnur minni en hin mjög stór með útgangi á lóð.

Gólfhiti er í flísalögðum rýmum hússins en gegnheilt stafaparket úr eik á öðrum gólfum hússins

Skjólsgóð vidarverönd er næst stofu og sólskála og þaðan er gengið niður á stóra hellulagða verönd með góðri lýsingu. Bílskúr er flísalagður með aukinni lofthæð, gluggum og dyrum út á baklóð. Innkeyrsla og stéttar með hitalögnum. Hús og tréverk var málað 2017 og þakefni, rennur og niðurföll eru í góðu ástandi.

Upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali í síma 570 4500 og á gtj@fastmark.is

Framúrskarandi fyrirtæki

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
Síðan 1995

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is

BERG
FASTEIGNASALA



Háholt 14, Mosfellsbær

- Sími: 588 5530
- berg@berg.is - www.berg.is
- GSM 897 0047

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is

heimili
fasteignasala
á traustum grunni

Bogi Molby Pétursson löggiltur fasteignasali. • Finnboi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

Aðalland 4	260 m ²	Bæjargil 23	224 m ²	Bjartahlíð 21	205 m ²
 <p>Opið hús 1.7. kl. 17:30-18:00</p>	 <p>Opið hús 1.7. kl. 18:30-19:00</p>				
Parhús 5 svefnherb. Sólpallur 105 millj. Bogi s: 699-3444	Einbýli 4 svefnherb. Sólpallur 89,5 millj. Brynjólfur s: 896-2953	Raðhús 4 svefnherb. Sólpallur 79,5 millj. Finnboi s:895-1098			



Stóragarði 42

108 Reykjavík **84.900.000**

OPÍÐ HÚS þriðjudaginn 2. júlí kl. 17.30-18.00

Herbergi: 4 Stærð: 169,4 m²

Einstaklega glæsileg, björt og vel skipulögð, 4ra herbergja, íbúð á fyrstu hæð með sérinnangi og stóri vernd að Stóragarði 42. Íbúðin er skráð samkvæmt F.M.R 169,4 fm og þar af er geymslan skráð 16 fm. Eignin skiptist í forstofu, hjónaherbergi með fataherbergi inn af, svefnherbergi, 2 baðherbergi, sjónvarpsherbergi/svefnherbergi, stórt alrými eldhúsi, borðstofu og stofu. **Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

Strikið 1A,B og C

210 Garðabær **53,8-94,6 millj**

NYTT

ÍBÚÐIR FYRIR 60 ÁRA OG ELDRI

Herbergi: 2-3 Stærð: 84-179,6 m²

Fallegar íbúðir fyrir fólk 60 ára og eldri í glæsilegu 3-5 hæða fjölbýlishúsi við Strikið 1 í Sjúalandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru 2-3ja herbergja og 84-174,2 fm. Íbúðirnar eru með vonduðum innréttingum frá Axis og AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða timburverndum. Staði í bilageymslu fylgja öllum íbúðum. **Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

Mosagata 5-7

210 Garðabær

OPÍÐ HÚS mánudaginn 1. Júlí kl. 17:30-18:30.

ÚTSÝNISÍBÚÐIR URRÍÐAHOLTI

Herbergi: 2ja - 5 Stærð: 68,4m² - 166m² Verð frá: 39,9m - 87,9m

Mosagata 5 - 7 er 4ra og 5 hæða lyftuhús með 22 íbúðum og 11 bílskúrum á baklóð. Hönnuðir eru Úti-Inni arkitektar. Útsýnið er ómótstæðilegt og störfleglegt enda stendur húsið ofarlega á miðju Urriðaholtinu. Flestar íbúðirnar eru 4ra herbergja, bjartar og vel skipulagðar. Þær verða afhentar fullbúnar en án gólfena nema í forstofum og blautrymum. Þar eru gólfílsar. Innréttingar og skápar eru frá HTH, hurðir frá BYKO, tæki frá Tengi og AEG og flísar frá Álfaborg. Urriðaholtsskóli er í næsta nágrenni. Frábærar gönguleiðir.

Hringið og fáið frekari upplýsingar og bókið skoðun:
S: 893 4416 og 837 8889.

Markarflöt 18

210 Garðabær **127.000.000**

OPÍÐ HÚS mánudaginn 1. júlí kl. 17.30-18.00

Herbergi: 7 Stærð: 291,7 m²

Glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum við Markarflöt í Garðabæ. Búíð er að endurnýja eldhúsi, baðherbergi og gestasalerni, allt sérsníðar frá Brúnás. Húsið stendur á 1100 fermetra lóð. Fallegt lóð og útsýni. Frábær staðsetning á flötunum þar sem stutt er í skóla,leikskóla og alla helstu þjónustu. **Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

Naustavör 26

200 Kópavogur **SJÁVAR-ÚTSÝNI**

OPÍÐ HÚS miðvikudaginn 3. júlí kl. 17.00-17.30

Herbergi: 2-4

Naustavör 26 er 3 hæða lyftuhús með glæsilegu sjávarútsýni. Íbúðirnar eru rúmgóðar, 2ja til 4. herbergja með 1-2 bílastæðum í lokaðri bilageymslu. Fallegar rinnréttingar frá Brúnás, stein á borðum, vonduð tæki og gólfhiti. Íbúðir afhendast án gólfena, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum. **Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

Herbergi: 2ja - 5 Stærð: 68,4m² - 166m² Verð frá: 39,9m - 87,9m

Jóhanna Kristín fasteignasali 837 8889

Árni Ólafur fasteignasali 893 4416

Garðatorg 4c

210 Garðabær **50.900.000**

OPÍÐ HÚS þriðjudaginn 1. júlí kl. 17:30 - 18:00

Herbergi: 8 Stærð: 108 m²

Glæsileg 3ja herbergja íbúð á annarri hæð ásamt staði í lokaðri bilageymslu. Yfirbyggðar svalir sem fylgja íbúðinni eru 8,5fm og snúa í norð-austur. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi m/þvottaherb, eldhúsi, borðstofu og stofu ásamt tveimur rúmgóðum svefnherbergjum. Hér er um að ræða mjög skemmtilega og vandaða 3ja herbergja íbúð á frábærum stað í miðbæ Garðabæjar. **Uppl. veitir Hörnn fasteignasali í gsm: 692 3344**

Kóngsbakki 11

109 Reykjavík **52.900.000**

OPÍÐ HÚS miðvikudaginn 3. júlí kl. 17.00-17.30

Herbergi: 5 Stærð: 148,4 m²

Einstaklega fallega 5 herbergja með góðum suðursvölum og fallegu útsýni, smekklega endurnýjað eldhúsi með eyju, granít á borðum, þvottahúsi innan íbúðar. Íbúðin sem er á 2 hæð hefur fengið gott viðhald í gegnum árin, góð bílastæði. Stutt í alla helstu þjónustu og falleg útivistarsvæði. Eign sem vert er að skoða! **Upplýsingar veitir Lilja fasteignasali í gsm: 663 0464**

Kleppsvegur 28, íb. 203

105 Rvk **41.900.000**

OPÍÐ HÚS þriðjudaginn 2. júlí kl. 17:30-18:00

Herbergi: 4 Stærð: 96,5 m²

LAUS VIÐ KAUPSAMNING: RÚMGÓÐ OG VEL SKIPULÖGÐ 4RA HERBERGJA ÍBÚÐ Á 2. HÆÐ. BAKHLIÐ HÚSSINS ÁLKVÆDD AÐ UTAN. Íbúðin skiptist í rúmgott hol, eldhúsi og stofu með útgengi út á svalir og svefnherbergisálfu með 3 svefnherbergjum og baðherbergi m/baðkari. Parket á gólfum nema í eldhúsi og baðherbergi. 4,4 fm sérgeymsla í kjallara. **Upplýsingar veitir Jóhanna Kristín fasteignasali í gsm: 837 8889**

Laufásvegur 66

101 Reykjavík

TILBOÐ ÓSKAST

BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA 846-4960

Herbergi: 9 Stærð: 327,6 m²

Glæsilegt einbýli í fúnkisstíl með auka íbúð við Laufásveg í Þingholtunum. Húsið er byggt árið 1938 og stendur á 682,7 fm eignarlóð, teiknað af Gunnlaugi Halldórssyni. Eignin hefur öll verið endurgerð með það að leiðarljósi að varðveita byggingasögulegt og listrænt gildi þess og hefur góðumyndin verið friðuð. Eignin er 327,6 m² og er bílskúr þar af 26 fm. en eign skiptist í tvær íbúðir. Árið 2012 fóru miklar endurbætur fram á húsinu. Var það endurnýjað á glæsilegan hátt að innan, húsið drenað og klóak endurnýjað. Þá var húsið steinað að utan, járn á þaki endurnýjað sem og garðurinn og stéttir í kringum húsið. Glæsilegar garður er við húsið.

Um er að ræða glæsilegt og íbúðarmikið hús sem er gott dæmi um góða varðveislu byggingararfins.

Upplýsingar veitir Hafliði fasteignasali í gsm: 846 4960

Tunguheiði 8

200 Kópavogi **38.200.000**

OPÍÐ HÚS mánudaginn 1. júlí kl. 17:30-18:00

Herbergi: 2 Stærð: 80,6 m²

Mikið endurnýjuð og rúmgóð 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í rólegri og fallegri götu. Á íbúðinni eru gluggar í þrjár áttir sem gera hana sérlega bjarta. Búíð er að endurnýja eldhúsi, flest gólfefni og baðherbergið. Mjög stórar vestursvalir eru á íbúðinni út frá stofunni. **Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm: 694 4000**

Skúlagata 20

101 Reykjavík **49.900.000**

60 ÁRA OG ELDRI

HRINGDU NÚNA OG BÓKAÐU SKOÐUN

Herbergi: 3 Stærð: 80,6 m²

****60 ára og eldri**** Falleg og rúmgóð 3ja herbergja íbúð á 11. hæð með tvennum yfirbyggðum útsýnissvölum. Bæði eru yfirbyggðar svalir út frá stofunni til norðurs með útsýni yfir Eskjuna, sjóinn og einnig frá auka herberginu til vesturs með útsýni yfir að Hörpunni og út á Granda. Húsvörður er í húsinu og tvær lyftur. **Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm: 694 4000**

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá - Skoðum og metum samdægurs - Samngjörn sölubóknun.



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Höfum kaupanda að vönduðu sumarhúsi á suðurlandi nærri golfvelli

Klappakór 1b – Kópavogi. Efri sérhæð – tvennar svalir- útsýni.



- Virðilega glæsileg 4ra -5 herbergja 155,2 fm. sérhæð á efstu hæð í fjórþyli í Kórahverfi í Kópavogi. Sér bilastæði í bilageymslu.
- Íbúðin er með séringangang og tvennum svölum annars vegar til suðvesturs og hins vegar til norðvesturs. Glæsilegt útsýni til fjalla, Elliðaavatni, Heiðmörk, út á sundin, að Álftanesi og víðar.
- Vönduð gólfefni, innréttingar og tæki. Fataherbergi inn af hjónaherbergi. Möguleiki er að bæta við fjórða svefnherberginu. Mjög rúmgóð stofa sem rúmar vel borðstofu, setustofu og sjónvarpsstofu.

Um er að ræða afar fallega og vel skipulagða eign á eftirsóttum og fjölskylduvænum stað.

Verð 74,9 millj.

Bjarkarholt 8 – 20 – Mosfellsbæ – Nýbygging



Nýjar íbúðir fyrir 50 ára og eldri

- Íbúðirnar eru frá 2ja herbergja upp í glæsilegar þakíbúðir.
- Hverri íbúð fylgir sér bilastæði í bilakjallara með aðstöðu fyrir hleðslu rafbíla.
- Húsin eru hönnuð af ASK arkitektum og Landhönnun sér um hönnun lóða og umhverfis þar sem stuðlað er að „grænni“ ásýnd hverfisins.
- Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu og stofnæðar.
- Traustur verktaki með alþjóðlega vottun.
- Skoðaðu má allar íbúðirnar á www.ggverk.is

Verið velkomin á skrifstofu til að fá verðlista, teikningar og nánari sölugögn eða sendið fyrirspurnir á fastmark@fastmark.is og fáið allar upplýsingar í tölvupósti.

Völuteigur – Mosfellsbæ. Iðnaðarhúshæði



- 442,2 fermetra iðnaðarhúsnæði á jarðhæð að Völuteigi 7-11 í Mosfellsbæ.
- Innkeyrsluhurðir eru fjórar á þessum eignarhluta. Ein er stærri, um 4,0 x 4,0 metrar að stærð og þrjár eru um 3,0 x 3,0 metrar að stærð. Að auki eru inngöngudyr að framan og aftan.
- Gólfhliti og epoxy á gólfum. Lofthæð undir milli loft um 2,8 metrar.
- Góð aðkoma og gott malbikað athafnasvæði er umhverfis húsið.

Verð 64,9 millj.

Krókháls – atvinnuhúsnæði. Til leigu eða sölu



- Mjög gott 497,8 fm. atvinnuhúsnæði á 2. hæð, götuhæð Krókhálsmegin, í lyftuhúsi að Krókhálsi 5F. Malbikað stórt bilaplan með fjölda bilastæða og gott athafnasvæði. Eignin skiptist í stóran sal með epoxy á gólfum, 3 salerni, tölvuherbergi, tæknirými, tvær skrifstofur og kaffistofu.
- Mjög gott 343,0 fm. atvinnuhúsnæði á 2. hæð, götuhæð Krókhálsmegin, í lyftuhúsi að Krókhálsi 5G. Malbikað stórt bilaplan afgirt, með fjölda bilastæða. Tvær stórar innkeyrsludyr. Eignin skiptist í stóran sal með epoxy á gólfum, þrjú salerni og móttöku.

Eignin er tengd stígagangi að Krókhálsi og einnig tengd Krókhálsi 5F. Möguleiki er að sameina þessa tvo eignarhluta og opna á milli þeirra.

Álfhólsvegur 119 – Kópavogi. Efri sérhæð ásamt bílskúr.



Eignin verður til sýnis í dag, mánudag, frá kl. 17.15 – 17.45

- Vel skipulögð 6 herbergja 155,7 fm. efri sérhæð í þrjúþylishúsi auk 22,5 fm. bílskúr, við Álfhólsveg. Glæsilegt útsýni til vesturs og norðurs.
- Húsið er klætt á austur og suðurhlíð og nýlega hafa verið gerðar múrviðgerðir á norðurhlíð hússins. Gluggar voru málaðir árið 2018. Nýlegt harðparket er á aðalrymnum hæðarinnar.
- Hæðin er með stórum gluggum sem hleypa inn góðri birtu.
- Stofa sem rúmar vel setu- og borðstofu með gluggum til suðurs, vesturs og norðurs og útgengi á svalir til suðurs. 5 svefnherbergi.

Verð 59,9 millj.

Austurströnd 6 - Seltjarnarnesi. 4ra herbergja íbúð.



Eignin verður til sýnis í dag, mánudag, frá kl. 17.15 – 17.45

- Góð 105,7 fm. íbúð á 3. hæð, jarðhæð að ofanverðu, með skjólgóðri verönd til suðvesturs og sér afgirtum garði. Sér geymsla og sér merkt bilastæði í bilageymslu fylgir eigninni.
- Eignin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð. Gólfefni hafa verið endurnýjuð að mestu, innrétting og tæki í eldhúsi og baðherbergi sem er með glugga. Nýtt dyrasimakerfi er í húsinu.
- Þrjú svefnherbergi. Útgangur á verönd úr hjónaherbergi. Rúmgóð stofa þaðan sem nýtur útsýnis út á sundin.
- Sameiginlegar stórar svalir á norðurhlíð með glæsilegu útsýni.

Verð 49,9 millj.

Ránargata 3. Góð 3ja herbergja íbúð á efstu hæð.



Eignin verður til sýnis í dag, mánudag frá kl. 18.00 – 18.30

- Falleg og þó nokkuð endurnýjuð 84,7 fm. íbúð á 3. hæð að meðtalinni sér geymslu í steinsteyptu þrjúþylishúsi við Ránargötu.
- Baðherbergi er með glugga og er nýlega endurnýjað og eldhúsinnrétting er tiltölulega nýleg með nýjum tækjum. Rúmgóð stofa með tvöfaldr rennihurð við eldhúsið.
- Lóðin er ræktuð, afgirt baklóð.

Verð 41,9 millj.

Baugakór 24 – Kópavogi. 4ra herbergja neðri sérhæð.



Eignin verður til sýnis á morgun, þriðjudag frá kl. 18.00 – 18.30

- Falleg og vönduð 132,2 fm. neðri sérhæð með gluggum í þrjár áttir í góðu fjórþylishúsi við Baugakór. Útgengi er á tvennar afgirtar hellulagðar verandar.
- Þrjú rúmgóð herbergi. Útgengi á verönd úr hjónaherbergi. Björt stofa og opið eldhúsið að hluta með eikarinnréttingum. Sjónvarpshol. Granít í gluggakistum í stofu og eldhúsi. Baðherbergi bæði með sturtuklefa og baðkari. Gluggi er á baðherbergi og þvottaherbergi.

Staðsetning eignarinnar er góð nærri leikskóla, barnaskóla, íþróttasvæði og útvistarsvæði.

Verð 64,9 millj.

Bergþórugata 27. 4ra herbergja íbúð.



Íbúðirnar verða til sýnis á morgun, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Virðilega góð 82,3 fm. íbúð á 2. hæð í steinsteyptu húsi við Bergþórugötu auk sér geymslu.
- Íbúðin er björt og hefur verið þó nokkuð endurnýjuð hið innra. Nýlegir ofnar og ofnalagnir eru í íbúðinni. Ljósleiðari er kominn inn í húsið.
- Rúmgóð og björt stofa. Rúmgóð tvö herbergi. Eldhúsið með útsýni að Esjunni og út á sundin.

Staðsetning er á rólegum stað í miðborginn, mjög stutt er í leikskóla, barnaskóla, Sundhöll Reykjavíkur og alla þjónustu.

Verð 44,9 millj.

Gautland 15. 3ja herbergja íbúð – laus strax



- Vel skipulögð 76,7 fm. íbúð með góðum suðursvölum á 3. hæð, efstu hæð við Gautland. Aðeins 6 íbúðir í stígaganginum.
- Eldhúsið hefur verið endurnýjað og er með HTH innréttingu. Rúmgóð og björt stofa með stórum gluggum til suðurs. Tvö herbergi með gluggum til norðurs.
- Nýlega búið að skipta um allt gler og glugga í húsinu. Snyrtileg sameign.

Íbúðin er laus til afhendingar strax.

Verð 39,9 millj.



EIGNAMIDLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957



Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali



Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali s. 824 9093



Guðmundur Sigurjónsson
Lögræðingur, löggiltur fasteignasali



Guðlaugur I. Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali s. 864 5464



Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali, sölustjóri s. 899 1882



Magnea S. Sverrisdóttir
MBA, löggiltur fasteignasali s. 861 8511



Hilmar Þór Hafsteinnsson
Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumíðlari s. 824 9098



Brynjar Þ. Sumarliðason
BSc í viðskiptafræði, löggiltur fasteignasali s. 896 1168



Daði Hafþórsson
Löggiltur fasteignasali s. 824 9096

MARKARVEGUR 12 108 REYKJAVÍK



BÓKIÐ SKOÐUN



Fallegt 237,2 fm 7 herb. parhús á tveimur hæðum í Fossvogi. Auðvelt að útbúa rúmgóða 2 herb. íbúð á neðri hæð. Stórar og sólríkar svalir. **V. 94,5 m**
Nánari uppl. **Sverrir Kristinsson**, lg.fs. s. 861 8514, sverrir@eignamidlun.is, **Herdís Valb. Hölludóttir**, lg.fs. s. 694 6166, herdis@eignamidlun.is

FOSSAGATA 14 101 REYKJAVÍK



BÓKIÐ SKOÐUN

Ugluhús í Litla Skerjafirði. Einstakt sjarmarandi bárujárnshús ásamt bílskúr á mjög stórra hornlóð. Eignin skiptist í: forstofu/hol, 4 svefnherbergi, tvær stofur, eldhús, tvö baðherb. þvottahús og geymslu. Á lóð er bílskúr og tvö gróðurhús. Um er að ræða timburhús á steiptum kjallara byggt árið 1931. Heildarstærð eignar er um 150 fm. **V. 82,9 m**
Nánari uppl. **Kjartan Hallgeirsson** lg.fs. 824 9093, kjartan@eignamidlun.is

SKÓGARVEGUR 14 103 REYKJAVÍK



BÓKIÐ SKOÐUN



160,0 fm 4 herb. endaíbúð á efstu hæð í nýlegu álklaðdu lyftuhúsi á mjög góðum stað í Fossvoginum ásamt staði í bílageymslu. Vandaðar eikarinnréttingar, parket, baðherbergi og gestasnyrtng. Glæsilegt útsýni. Laus strax. Mikil útsýni. **V. 84,9 m**
Nánari uppl. **Þórarinn M. Friðgeirsson** lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is



EFSTALEITI 14 108 REYKJAVÍK



BÓKIÐ SKOÐUN



Mjög falleg og rúmgóð 156,1 fm íbúð á 3. hæð. Íbúðinni fylgir staði í bílageymslu. Íbúðin skiptist m.a. í stóra glæsilega stofu (stofu/ borðstofu), opið herbergi innaf stofum, tvö svefnherbergi, eldhús, baðherbergi, gestasnyrtng. Sér geymsla fylgir í kjallara. Húsvörður er í húsinu. Fallegt útsýni. **V. 80,0 m**
Nánari uppl. **Þórarinn M. Friðgeirsson** lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

LYNGHAGI 15 107 REYKJAVÍK



BÓKIÐ SKOÐUN



Um er að ræða 286,5 fm einstakt einbýlishús. Húsið er teiknað af Gísla Halldórssýni arkitekt árið 1955. Suður garður og útsýni út á sjó. Örstutt er út á Ægisíðu. Í dag eru tvær íbúðir í húsinu. Húsið hefur tölvert verið endurnýjað á s.l. árum, m.a. steypuviðgert og málað fyrir tveimur árum, drenlagir endurnýjaðar 2006 og verið er að endurnýja þak. **V. 150,0 m**
Nánari uppl. **Ármann Þór Gunnarsson** lg.fs. s. 847 7000, armann@eignamidlun.is

HÁTEIGSVEGUR 25 105 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Falleg og sjarmarandi 77,3 fm, 4 herbergja íbúð. Rúmgott aukaherbergi er í kjallara með sameiginlegu klósetti og sturtu, góð útleigugeining. **V. 41,5 m**
Opið hús þriðjudaginn 2. júlí milli kl. 17:00 og kl. 17:30
Nánari uppl. **Hreiðar Levý Guðmundsson** s. 661 6021, hreidar@eignamidlun.is

NESHAGI 15 107 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Góð 154,2 fm 5 herbergja sérhæð með bílskúr á fyrstu hæð með sérinnangi. **V. 69,9 m**
Opið hús þriðjudaginn 2. júlí milli kl. 18:00 og kl. 18:30
Nánari uppl. **Hreiðar Levý Guðmundsson** lg.fs. s. 661 6021, hreidar@eignamidlun.is

HRINGBRAUT 24 101 REYKJAVÍK



BÓKIÐ SKOÐUN

58,2 fm 2 herb. íbúð í kjallara í fjórþýli á góðum stað í miðborginni, steinsnar í Hl. Íbúðin er mikið endurnýjuð m.a. baðherbergi, gólfefni, innréttingar og fl. Til afhendingar við kaupsamning. **V. 58,2 fm**
Nánari uppl. **Þórarinn M. Friðgeirsson** lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

LANGHOLTSVEGUR 172 104 REYKJAVÍK



BÓKIÐ SKOÐUN

Góð 88,6 fm 3ja herbergja íbúð í kjallara. Nýlega búið að gera við múr og mála hús og glugga. Fallegur garður og nýleg timburverönd sem er sameignleg. **V. 38,9 m**
Nánari uppl. **Hilmar Þ. Hafsteinnsson** lg.fs. s. 824 9098, hilmar@eignamidlun.is



**SÓLVALLAGATA 7A
101 REYKJAVÍK**



BÓKIÐ SKOÐUN



196,3 fm einstaklega fallegt og vel við haldið parhús á þremur hæðum auk háalofts við eina fallegustu götu Reykjavíkur. Í húsinu eru alls fimm svefnherbergi, þrjár stofur með góðri lofthæð og tvö baðherbergi. Ur stofu er gengið út á rúmgóðar viðarsvalir og þaðan er gengið niður stiga í stóran og skjólgóðan suðurgarð, sem er umkringdur fallegum trjám. Garðurinn er að hluta hellulagður og í honum er viðarhús með rafmagni þar sem m.a. er ísskápur og frystir. Garðurinn er upplýstur með sjálfvirkum ljósum. **V. 94,9 m**
Nánari uppl. Hrafnhildur Björk Baldursdóttir lg.fs. 862 1110, hrafnhildur@eignamidlun.is

**REYNIGRUND 17
200 KÓPAVOGUR**



OPIÐ HÚS

Fallegt 158,1 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr í veðursælu og fjölskylduvænu hverfi í Kópavogi. Órstutt göngufæri í Snælandsskóla. Þá er einnig órstutt í náttúruparadisina í Fossvogsdal með fallegum göngu- og hjólaeiðum. Húsið hefur verið mikið endurnýjað að innan á síðustu árum auk þess sem ytra byrði hússins hefur verið haldið vel við.
Opið hús þriðjudaginn 2. júlí milli kl. 17:30 og kl. 18:00
Nánari uppl. Hrafnhildur Björk Baldursdóttir lg.fs. 862 1110, hrafnhildur@eignamidlun.is

**KETILSSTAÐIR
851 HELLA**



BÓKIÐ SKOÐUN

151,3 fm stórglæsilegt sumarhús á einstökum útsýnisstað í Holta- og Landsveit. Húsið stendur á landi Ketilsstaða og er hannað af Guðmundi Gunnlaugssyni arkitekt hjá Archus.
Nánari uppl. Hrafnhildur Björk Baldursdóttir lg.fs. 862 1110, hrafnhildur@eignamidlun.is

**ÁRSKÓGAR 6
109 REYKJAVÍK**



OPIÐ HÚS

Falleg 110,6 fm fjögurra herbergja íbúð á 7. hæð í lyftuhúsi. Um er að ræða íbúð fyrir eldri borgara. Merkt bílastæði í bilgeymslu fylgir. Gott útsýni, falleg gróin lóð með púttflöt. **V. 57,9 m**
Opið hús mánudaginn 1. júlí milli kl. 16:00 og kl. 16:30
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

**SJAFNARBRUNNUR 11-15
113 REYKJAVÍK**



aðeins 2 hús eftir

OPIÐ HÚS

230,5 fm 5 herbergja mið raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsinu verður skilað fullbúnum að utan með tilbúinni lóð og tilbúð til innréttingar að innan. **V. 74,5 m**
Opið hús sunnudaginn 30. júní milli kl 17:00 og 17:30
Nánari uppl. Daði Hafþórsson lg. fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is

**BERJARIMI 34
112 REYKJAVÍK**



BÓKIÐ SKOÐUN

109,5 fm 4 herbergja íbúð með auka herbergi í risi ásamt stæði í opinni bilageymslu. **V. 47,9 m**
Nánari uppl. Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is, Hilmar P. Hafsteinnsson lg.fs. s. 824 9098, hilmar@eignamidlun.is

**REYKJAVEGUR 80
270 MOSFELLSBÆR**



BÓKIÐ SKOÐUN

Gott 5 herbergja einbýlishús á stórrí eignarlóðir með bílskúr í Mosfellsbæ. **V. 65,0 m**
Nánari uppl. Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is, Hilmar P. Hafsteinnsson lg.fs. s. 824 9098, hilmar@eignamidlun.is

**SUÐURVANGUR 23 B
220 HAFNARFJÖRÐUR**



BÓKIÐ SKOÐUN

Vel skipulögð 115,8 fm 4 herb. íbúð á 2. hæð í frábærlega vel staðsettu litlu fjölbýli rétt við Víðistaðatún. **V. 47,5 m**
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

**LUNÐARBREKKA 8
200 KÓPAVOGUR**



BÓKIÐ SKOÐUN

99,0 fm 3 herb. íbúð á 2. hæð í nýlega viðgerðu og máluðu fjölbýli. Íbúðin hefur verið talsvert endurnýjuð m.a. eldhús, gólfefni, raflagnir og fl. Nýlegir gluggar á suðurhlöðinni. Fallegt útsýni. Séríngangur af svölum. **V. 39,5 m**
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

**FÍFULIND 4
201 KÓPAVOGUR**



OPIÐ HÚS


Góða 109,5 fm, 4 herb. íbúð með rúmgóðum suðursvölum. Nýbúð er að fara í múrviðgerðir á húsinu og mála að utan. **V. 52,9 m**
Opið hús fimmtudaginn 4. júlí milli kl 17:00 og 17:30
Nánari uppl. Hreiðar Levý Guðmundsson lg.fs. s. 861 6021, hreiðar@eignamidlun.is, Sverrir Kristinsson, lg.fs. s. 861 8514, sverrir@eignamidlun.is

